

Umsögn Rös kvu, samtaka félagshyggjufólks við Háskóla Íslands, um frumvarp til laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna, þingskjal 1373/145.

Röskva hefur alltaf barist fyrir því að allir hafi jafna möguleika til menntunar, óháð stéttarstöðu og öðrum félagslegum þáttum. Eitt mikilvægasta hlutverk Lánasjóðs Íslenskra námsmanna er að vera jöfnunarsjóður.

Það styrkjakerfi sem boðað er í nýju frumvarpi tekur ekki mið af félagslegri stöðu námsmanna. Boðað kerfi eykur greiðslubyrði barnafólks og þeirra sem eru verr settir fjárhagslega umfram þá sem eru vel settir. Röskva telur það óásættanlegt.

Hlutverk lánasjóðsins er eins og áður segir að gera námsmönnum mögulegt að stunda nám óháð efnahag. Á það við um fjárhagsstöðu námsmanna í námi sem og laun þeirra í framtíðinni. Dýrmætt er að námsmenn geti sótt sér þekkingu í samræmi við áhugasvið en ekki út frá væntanlegum tekjum að loknu námi. Röskva leggst því gegn afnámi tekjutengingar eins og hún birtist í nýju frumvarpi.

Mikilvægt er að á Íslandi sé fjölbreytt námsval en einnig eru gríðarlegir hagsmunir fólgnir í því að íslenskir námsmenn hafi kost á að sækja nám erlendis. Þekking sem námsmenn afla sér erlendis skilar sér ekki aðeins til þeirra námsmanna heldur til samfélagsins sem heildar. Þær breytingar sem boðaðar eru í nýju frumvarpi skerða þennan möguleika og leggst Röskva alfarið gegn þeim.

Mikilvægt er að frumvarpið fái vandaða umfjöllun og verði ekki afgreitt í flýti. Skoða þarf hugsanlegar afleiðingar frumvarpsins vel og varast þarf að túlka tölur sem segja til um meðallaun og meðaltekjur sem tölur yfir alla námsmenn. Hagsmunir námsmanna eru fólgnir í því að sátt sé um hlutverk lánasjóðsins og hugmyndafræðina á bak við umrætt frumvarp.

Röskva leggur til að eftirfarandi atriðum frumvarps til laga um námslán og námsstyrki verði breytt:

Vextir lána

Samkvæmt 16. grein skulu námslánin vera verðtryggð og vextir vera 2,5% að viðbættu álagi sem jafngildir væntum afföllum af endurgreiðslu námslána. Líkt og fram hefur komið er Röskva á móti aðgerðum sem auka greiðslubyrði þeirra sem mest þurfa á lánunum að halda. Því hærrí sem vextirnir eru því meiri verður greiðslubyrði þeirra sem eru verr settir umfram þá sem eru betur settir. Röskva telur þá vaxtaþrósentu sem boðuð er ekki vera stúdentum bjóðandi og leggur því til að vextir verði ekki hærrí en 1% og fast þak verði sett á þá. Ef skortur á fjármagni

er ástæðan fyrir því að hækka þarf vexti á námslánum þá er greinilegt að auka þarf það fjármagn sem ríkissjóður leggur til lánasjóðsins.

Tekjutenging

Röskva er alfarið á móti því að tekjutengdar afborganir verði afnumdar. Hlutverk sjóðsins sem jöfnunarsjóðs stendur höllum fæti. Hér má því gera ráð fyrir að greiðslubyrði vegi þyngra fyrir útskrifaða nema í ákveðnum stéttum. Mikilvægt er að allir geti borgað af námslánum sínum óháð framtíðartekjum. Því telur Röskva það vera mikilvægt að tekjutenging afborgana verði í nýju frumvarpi.

Afnám tekjutengingarinnar getur valdið því að menntakerfið verði einsleitara þar sem námsmenn miði námsval sitt í auknum mæli við framtíðartekjur til þess að geta staðið undir afborgunum. Röskva vill tryggja að námsval á Íslandi sé fjölbreytt og að námsmenn þurfi ekki að hafa áhyggjur á framtíðartekjum þegar þeir ákveði námsleið sína. Samfélagið græðir á fjölbreyttri menntun.

Tekið sé tillit til félagslegrar stöðu

Samkvæmt 11. gr. frumvarpsins er námsstyrkur til framfærslu á skólaári 65.000 kr. á mánuði miðað við fulla námsframvindu. Röskva vill að téður styrkur sé bundinn við félagslega stöðu.

Afgreiðsla námslána á vegum einkafyrirtækja

Samkvæmt 21. grein frumvarpsins er stjórn lánasjóðsins heimilað að fela fjármálafyrirtækjum útborgun lána, innheimtu og aðra daglega afgreiðslu. Röskva telur aðkomu einkafyrirtækja sem byggja á gróðasjónarmiðum geta grafið undan markmiðum sjóðsins í að veita námsmönnum hagstæð lán til þess að stunda nám óháð efnahag.

Upphaf endurgreiðslna

Samkvæmt 17. grein frumvarpsins hefst endurgreiðsla námslána ári eftir námslok. Röskva vill að endurgreiðsla hefjist tveimur árum eftir námslok. Námsmenn hafa þegar möguleika á að byrja að borga fyrir inn á lánið. Það myndi gera fólki kleift að koma sér betur fyrir fjárhagslega áður en að greiðslubyrði námslána skellur á.

Endurgreiðslur 40 ára verðtryggð lán

Samkvæmt 16. grein frumvarpsins skulu námslán vera verðtryggð. Samkvæmt 17. grein er endurgreiðslutími námslána almennt 40 ár. Röskva telur fráleitt að háskólanemum sé boðið 40 ára verðtryggt lán sem eru ein þau verstu sem finnast samkvæmt forystu ríkisstjórnarinnar.

Lánshæfar einingar - 540 ECTS

Samkvæmt 9. grein verður námsaðstoð að hámarki til 420 ECTS-eininga óháð námsferli. Röskva styður ábendingu Stúdentaráðs um að lánshæfar einingar verði að lágmarki 540 ECTS. Hagsmunir doktorsnema eru hér undir. Mennta- og menningarmálaráðherra hefur oft nefnt í samræðum við námsmannahreyfingar að á móti hafi fjármagn til Rannís verið tvöfaldað. Óljóst

er þó hve mikið af því fjármagni kemur í raun inn á borð doktorsnema auk þess sem um leiðréttingu á framlögum til rannsókna er að ræða.

Ellilífeyrisaldur í stað 67 ára

Röskva styður ábendingu Stúdentaráðs um að endurorða mætti endurgreiðsluákvæði 2. mgr. 17. gr. frumvarpsins um að nota „almennan lífeyrisaldur“ í stað nákvæms aldurs, „67 ára aldur“.

Mánaðarlega fyrirframgreiðslu

Röskva styður ábendingu Stúdentaráðs um að borgað verði úr sjóðnum mánaðarlega og fyrirfram.

Þeir sem eru í núverandi kerfi skulu hafa val um að vera áfram í núverandi kerfi

Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I þá fara allar umsóknir námslána sjálfkrafa inn í nýja kerfið. Röskva telur ekki boðlegt að þvinga þá nemendur sem hafa tekið lán í núverandi kerfi yfir í það kerfi sem er boðað verði það að lögum, gegn þeirra vilja. Þeir nemendur hafa líklegast hagað fjármálum sínum í samanburði við núverandi kerfi.

Námsleiðir sem veita M.s. gráður eftir meira en 300 einingar

Röskva styður ábendingu Stúdentaráðs um að þær námsleiðir sem veita M.s. gráðu eftir meira en 300 einingar fái lán og styrk allt námið.

300 einingar á 45 mánuðum

Röskva styður ábendingu Stúdentaráðs um að í stað þess að veitt sé lán og/eða styrkur fyrir 30 einingum á önn að námsstyrkur hvers námsmanns er veittur að hámarki í 45 mánuði óháð því hvort veittur sé fullur styrkur á hverju misseri eða hlutfallslegur. Röskva telur að hér sé vegið að þeim sem ekki taka fullt nám vegna veikinda eða annara undanþága sem þeir geta ekki komið í veg fyrir sjálfir.

Námsstyrkur að hámarki 45 mánuði

Samkvæmt 11. grein þá segir að námsstyrkur hvers námsmanns sé veittur að hámarki í 45 mánuði óháð því hvort veittur sé fullur styrkur á hverju misseri eða hlutfallslegur.

Röskva telur að hér sé aftur vegið að þeim sem taka ekki fullt nám vegna veikinda eða annara undanþága sem þeir geta ekki komið í veg fyrir sjálfir. Röskva vill að hægt sé að veita slíkum námsmönnum námsstyrk í 54 mánuði.

Hlutverk Lánasjóðs íslenskra námsmanna er að tryggja þeim sem falla undir lögin um sjóðinn tækifæri til náms án tillits til efnahags. Til þess að sjóðurinn geti staðið undir þessu hlutverki sínu verður hann að taka mið af félagslegri stöðu lántaka og deila fjármagninu í samræmi við hana. LÍN þarf að gæta þess að stúdentar geti framfleytt sér á meðan námi stendur án þess að þurfa að kvíða afborgunum og háum vöxtum í framtíðinni, né að þeir hagi námsleiðavalinu eftir þeim þáttum. Fari frumvarpið í gegn án þess að tekið verði mið af félagslegri stöðu stúdenta, getur Röskva ekki stutt það.

Röskva, samtök félagshyggjufólks við Háskóla Íslands